

72. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrk til þess að gefa út lestrarbók handa alþýðu.

1873.
14. ágúst.

Í bræfi, dagsettu 31. maí þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þar sem prófastur þórarinn Böðvarsson hefir sókt um, að kostnaðurinn við prentun og útgáfu lestrarbókar fyrir alþýðu, sem hann hafi tekið saman, megi greiðast úr landssjóðnum, gegn því, að höfundurinn sleppi tilkalli til ritlauna og að allur ágóðinn við sölu bókarinnar falli til alþýðuskóla nokkurs á Íslandi, sem hann hefir í hyggju að koma upp; hafið þér nú, eftir að þér hafið fengið álit stiptsyfirvaldanna, stungið uppá, að veita megi sækjandanum af því fè, sem á yfirstandandi og næstu reikningsárum sè ætlað til óvissra útgjalda Íslands, 25 rd. styrk fyrir hverja örk tæðrar lestrarbókar, með því skilyrði, að söluverð bókarinnar verði ekki meira en 1 rd. 32 sk., og að skýrsla verði, þegar að því kemur, send stiptsyfirvöldunum um, hvernig ágóðanum, að fráðregnum kostnaði, sè varið; mætti bókin eigi vera stærri en 40 arkir, og skyldi mega greiða sækjandanum styrkinn, þegar öll bókin væri komin út, eða ef hún kæmi út í tveimur eða þremur bindum, þá fyrir hvert bindi eftir arkatali.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, að það getur ekki komið til tals, að veita nokkurn styrk til þessa á yfirstandandi ári, með því búið er að mestu leyti að verja því fè, sem ætlað er til óvissra útgjalda, en það látum vèr vera undir yður komið, að ákveða, hvort veita megi sækjandanum styrk til útgáfu bókarinnar af því fè, sem yður verða fengin ráðin yfir á næsta ári og framvegis, og þá með hvaða skilyrðum; mun stjórnarráðið taka þátt í kostnaðinum, ef á þarf að halda, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru með bræfi dómsmálastjórnarinnar 30. júní þ. á., en samt er byggt á því, að styrkurinn alls verði ekki meiri en 500 rd. Fylgiskjölin sendum vèr yður aptur.